



Stjórn Úrvinnslusjóðs

356. stjórnarfundur, mánudaginn 11. mars 2023 - kl. 10:00 – 12:00

Suðurlandsbraut 24, 2. hæð

Dagskrá samkvæmt fundarboði:

A. Til kynningar

1. Upplýsingatæknikerfi Úrvinnslusjóðs
2. Sjóðirnir
3. Endurgjald vegna smurolíu

B. Til samþykktar

4. Söfnun á víðavangi
5. Kynninga- og fræðsluáætlun ársins 2024
6. Skipulag Úrvinnslusjóðs og starfsáætlun
7. Mannauðsstefna og viðbragðsáætlun EKKO
8. Þóknun vegna umsýslu skilagjalds
9. Endurgjald til þjónustuaðila vegna pappa
10. Viðarbretti – endurgjald o.fl.

C. Framkvæmdastjóri fer yfir stöðu mála

D. Fundargerð lögð fram til samþykktar

Fundinn sátu:

Stjórn:

Kristófer Már Maronsson, formaður (KMM),
Benedikt S. Benediktsson (BSB),
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Jón Viggó Gunnarsson (JVG)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:

Sandra Brá Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri (SBJ),
Gunnar Bjarnason (GB),
Margrét Kjartansdóttir (MK), fundarritari

Boðuð forföll:

Líf Magneudóttir (LM)

Samantekt ákvarðana fundarins:

- Stjórn samþykkti tillögu um fyrirkomulag við greiðslur vegna sérstakrar söfnunar á árinu 2024
- Stjórn samþykkti skipulag Úrvinnslusjóðs
- Stjórn samþykkti starfáætlun Úrvinnslusjóðs vegna ársins 2024 þ.m.t. kynninga- og fræðsluáætlun
- Stjórn samþykkti mannauðsstefnu Úrvinnslusjóðs
- Stjórn samþykkti viðbragðsáætlun við einelti, kynferðislegu og kynbundnu áreiti og ofbeldi
- Stjórn samþykkti hækkun þóknunar vegna afgreiðslu skilavottorða. Hækkun taki gildi þann 1. apríl nk. og við hana fari þóknun úr 850 kr. í 1.090,- kr.
- Stjórn samþykkti breytingu á forsendum við greiðslur fyrir pappír og pappa í blönduðum pappasendingum. Frá og með 1. apríl verði miðað við að hlutfall endurgjaldsskylds pappírs og pappa sé 45% í stað 18% áður
- Stjórn samþykkti breytingu á endurgjaldi vegna endurnýtingar og endurvinnslu viðarumbúða til lækkunar og að greitt verði fyrir undirbúning til endurnotkunar
- Stjórn samþykkti fundargerð 356. fundar

DAGSKRÁ

A. Til kynningar:

Gunnar Bjarnason bætist í hóp fundarmanna.

1. Upplýsingatæknikerfi Úrvinnslusjóðs

Gunnar Bjarnason verkefnastjóri stafrænnar þróunar fer yfir skipulag upplýsingatæknimála hjá Úrvinnslusjóði. Sagt er frá verkefni við smíði nýs kerfis, stöðu verkefnisins og áhrifum innleiðingar þess. Vonir standa til þess að hægt verði að útleiða eldra kerfi á þessu ári. Að lokum er farið yfir þætti gagnaöryggis.

Gunnar Bjarnason vísar af fundi.

2. Sjóðirnir

Farið er yfir skipulag og stöðu sjóða. Rætt um sjónarmið sem líta á til við þrepaskiptingu gjalda. Einnig er rætt um möguleika á tilfærslu umsýslu einstaka efnisflokka til fagsamtaka.

3. Endurgjald vegna smurolíu

Sagt frá breytingum sem endurgjald smurolíu tók um síðustu áramót. Breyting er samkvæmt gildandi þjónustusamningi.

- Endurgjald vegna flutninga hækkaði úr 49,1 kr/kg í 52,70 kr/kg.
- Endurgjald vegna ráðstöfunar hækkaði úr 29,61 kr/kg í 35,12 kr/kg.

B. Til samþykktar:

4. Söfnun á víðavangi.

Úrvinnslusjóður leggur fram tillögu um bráðabirgðafyrirkomulag við greiðslur vegna söfnunar á víðavangi, sem farið yrði eftir á árinu 2024. Jafnhliða verði endurskoðaðar forsendur og fyrirkomulag endurgjalds sem og forsendur og fyrirkomulag álagningar úrvinnslugjalds. Úrvinnslusjóður leggur til að sjóði sem safnast vegna álagningar á vörur skv. viðauka XX við lög um úrvinnslugjald nr. 161/2002 verði skipt hlutfallslega milli sveitarfélaga í samræmi við íbúafjölda. Við hlufallslega skiptingu verði litið til magntalna frá Reykjavík um söfnun í söfnunarkerfum og hreinsun. Greiðslur byggi einnig á ákvörðun stjórnar frá því 14. apríl 2023 um áætlun hlutfalls greiðsluskylds efnis í söfnun og hreinsun og fjárhæð greiðslna. Greiðslur verði háðar því að sveitarfélög leggi fram reikninga eða aðrar staðfestingar á ráðstöfun fjár. Tillaga um framkvæmd til bráðabirgða var samþykkt eins og hún var framlögð.

5. Kynningar- og fræðsluáætlun Úrvinnslusjóðs

Farið er yfir fjárhagsáætlun og rauntölur vegna kynningarmála á árinu 2023. Farið er yfir einstaka liði kynningar- og fræðsluáætlunar 2024 sem er hluti af heildarstarfsáætlun 2024 sem einnig er lögð fram á fundinum.

6. Skipulag og starfsáætlun Úrvinnslusjóðs

Lögð eru fram drög að nýju skipulagi Úrvinnslusjóðs og starfsáætlun vegna ársins 2024. Stjórn samþykkti skipulag Úrvinnslusjóðs. Stjórn samþykkti starfsáætlun vegna ársins 2024 þ.m.t. kynningar- og fræðsluáætlun.

7. Mannauðsstefna og viðbragðsáætlun EKKO

Mannauðsstefna og viðbragðsáætlun við einelti, kynbundnu áreiti og ofbeldi var samþykkt.

Benedikt S. Benediktsson vísar af fundi.

8. Þóknun vegna umsýslu skilagjalds

Úrvinnslusjóði hefur borist erindi frá samstarfsaðila um umsýslu við afskráningar ökutækja. Í erindi er óskað endurskoðunar á gjaldi fyrir afskráningar. Gjald sem er nú 850 kr. fyrir ökutæki hefur ekki hækkað frá árinu 2007. Lögð er til hækkun í samræmi við hækkun á vísitölu neysluverðs þ.e. að gjald hækki til og með 1. apríl í 1.090 kr. fyrir ökutæki. Stjórn samþykkir tillögu um hækkun úr 850 kr. í 1.090 kr.

Benedikt S. Benediktsson kemur aftur inn á fundinn.

Jón Viggó Gunnarsson, vísar af fundi

9. Endurgjald til þjónustuaðila vegna pappá

Úrvinnslusjóði hefur borist erindi þjónustuaðila þar sem óskað er endurskoðunar á forsendum við útreikning greiðslna vegna blandaðs pappárs og pappá. Nú er gert ráð fyrir

að í blönduðum sendingum sé hlutfall pappírs og pappa sem greiða á endurgjald af 18%. Frá því núverandi hlutfall var fundið hefur dregið verulega úr dreifingu fríblaða og annars fjölpósts og hlutfall greiðsluskylds efnis því aukist. Við töku ráðstöfunaraðila á slembisýnum hefur komið í ljós að hlutfall endurgjaldsskylds efnis er á bilinu 45-47%. Lagt er til að miðað verði við að hlutfall endurgjaldsskylds efnis sé 45%, en áfram verði tekin sýni og þá helst af nokkrum ráðstöfunaraðilum til að kanna frekar samsetningu efnis. Stjórn samþykkir tillögu.

Lárus M.K. Ólafsson víkur af fundi

10. Viðarbretti – endurgjald o.fl.

Úrvinnslusjóður leggur fram tillögu um lækkun endurgjalds vegna endurvinnslu og endurnýtingu viðarbretta, samhliða því verði farið að greiða fyrir undirbúning fyrir endurnotkun. Tillaga byggir á því að kerfi eins og það er nú hvetji til úrvinnslu viðarbretta sem möguleiki væri á að laga og endurnota. Kerfið hvetji því ekki til ráðstöfunar sem samræmist sjónarmiðum hringrásarhagkerfisins. Stjórn samþykkir að ráðast í undirbúningsvinnu vegna breytinga, m.a. undirbúning skilmála vegna greiðslna fyrir undirbúning fyrir endurnotkun sem varni með sem bestum hætti gegn misnotkun og að gætt verði að málsmeðferðarreglum stjórnslulaga áður en tekin verði ákvörðun um lækkun endurgjalds vegna endurvinnslu og endurnýtingar.

Jón Viggó Gunnarsson og Lárus M.K. Ólafsson bætast í hóp fundarmanna.

- C. **Framkvæmdastjóri fer yfir stöðu mála í rekstri**
- D. **Fundargerð lögð fram til samþykktar og undirritunar**

Fundi slitið 12.07